

KLASASETUR ÍSLANDS OG KORTLAGNING Á KLÖSUM Á ÍSLANDI

Hannes Ottósson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Erindið fjallar um tilurð og starfsemi Klasaseturs Íslands og svo er greint frá stærra rannsóknarverkefni sem miðar að því að gera grein fyrir klösum á Íslandi. Fyrsta skrefið í því verkefni hefur verið kortlagning á klösum á Íslandi. Hugmyndin að Klasasetri Íslands kemur fram 2014 í framhaldi af samstarfi aðila frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannsóknarmiðstöð stefnu og samkeppnishæfni í Háskóla Íslands. Frá Nýsköpunarmiðstöð voru það Karl Friðriksson og Hannes Ottósson og frá Rannsóknarmiðstöð stefnu og samkeppnishæfni, í Viðskiptafræðideild og Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands, var það Runólfur Smári Steinþórsson prófessor. Meðstofnendur að Klasasetrinu eru líka Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst. Fulltrúar þeirra eru Ögmundur Knútsson prófessor og Einar Svansson lektor. Tilgangur Klasaseturs Íslands er að vera nokkurs konar þjónustumiðuð regnhlíf fyrir rannsóknartengt starf og þekkingarmiðlun um klasa sem tengir saman háskólastofnanir, sérhæfðar þjónustustofnanir og klasatengd framtök af ýmsu tagi. Klasasetrið er opinn vettvangur sem er að stíga sín fyrstu skref. Verkefnið um kortlagningu klasa hefur verið unnið í samstarfi við Rannsóknarmiðstöð stefnu og samkeppnishæfni í Háskóla Íslands. Fyrirmyndin að rannsókninni er frá Danmörku og nálgunin er fyrst í stað opin en svo tekur við flokkun og greining á upplýsingunum. Fyrsta skrefið var að afla upplýsinga frá sem flestum sem hafa komið að einhverju sem þeir sjálfir líta á sem klasa eða klasatengt starf. Fyrir þessa aðila var lagður fram spurningalisti til að fá fram upplýsingar um viðkomandi klasastarf. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að víða um land sé að finna klasatengt starf í einhverju formi. Þessar niðurstöður hafa verið dregnar upp í yfirlitskort og framundan er að rannsaka nánar þetta klasatengda starf, flokka það með hliðsjón af klasaskilgreiningum og klasaþróunarkenningum.